

## Um öfuga stöfun og tilbrigði í framburði

### 1. Inngangur

Markmiðið með þessari grein er að hvetja lesendur til að skoða á gagnrýninn hátt sumt af því sem sagt hefur verið um **öfuga stöfun** eða **öfugan/ranghverfan rithátt** og velta því fyrir sér hvort slík dæmi geti ekki stundum gefið meiri vísbendingar um framburð eða tilbrigði í framburði en oft er talið.<sup>1</sup> Fyrst er fjallað almennt um öfuga stöfun, hugtakið skýrt og stungið upp á því að meint dæmi um öfuga stöfun megi stundum túlka á annan hátt en hefðbundið er, þ.e. sem raunverulegar heimildir um framburð fremur en „ranga“ stafsetningu. Síðan er sagt frá skilgreiningum hugtaksins í erlendum fræðiritum og dæmum sem hafa verið tekin um fyrirbærið úr ensku og dönsku. Í framhaldi af því er litið á fleiri dæmi úr íslensku og sýnt hvernig mætti túlka þau á annan hátt en oftast er gert. Í lokaorðum er lögð áhersla á nauðsyn þess að skoða meint dæmi um öfuga stöfun með opnum huga og velta því fyrir sér hvort þau geti ekki verið til marks um tilbrigði í framburði.

### 2. Öfug stöfun — og önnur túlkun

Eitt af því sem málfræðingar nýta sér gjarna þegar þeir vilja tímasetja hljóðbreytingar er svokölluð **öfug stöfun** eða **öfugur/ranghverfur ritháttur**. Kristján Árnason lýsir þessu fyrirbæri svo í bók sinni um íslenska hljóðfræði og hljóðkerfisfræði (2005:338):

Öfug stöfun kemur víða við sögu sem vitnisburður um hljóðbreytingar, til dæmis um tilkomu stoðhljóðs [...]² Merki um stoðhljóð koma fram þannig að orðmyndir sem upphaflega voru *dagr* og *verðr* eru ritaðar sem *dagur* og *verður*, en breytingin kemur líka fram í því að orðmyndir sem í fornu máli höfðu endinguna *-ur* eru ritaðar með *-r* [...] Þegar *u* kom fram í orðmyndum eins og *dagur* gat það gerst að menn sem þekktu rit þar sem þessi orð voru

<sup>1</sup> Ég þakka Haraldi Bernharðssyni, Einari Frey Sigurðssyni, Ástu Svavarsdóttur og tveim ónafngreindum ritrýnum gagnlegar athugasemdir við fyrri gerð þessarar greinar.

<sup>2</sup> Hér er Kristján að tala um þá hljóðbreytingu sem stundum er líka nefnd *u*-innskot (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 1992 og rit sem þar er vísað til). Hún verður rædd nánar hér á eftir.

skrifuð *dagr*, og *r* stóð fyrir það sem þeir báru fram sem /ur/, vönduðu sig um of og skrifuðu *önnr* og *móðr* fyrir *önnur* og *móður*. Þessi ritháttur er ótvíráður vitnisburður um að breyting hafi átt sér stað í máli skrifarans, þótt hann sé að reyna að fylgja eldri fyrirmyndum.

Þessi lýsing Kristjáns er í samræmi við þá almennu skoðun að svokölluð öfug stöfun sé „röng“ stafsetning. Ritháttur eins og *önnr* og *móðr* sé þannig ekki til vitnis um að skrifarinn hafi borið þessi orð fram án /u/ heldur gerst sekur um ofvöndun í stafsetningu eins og Kristján lýsir.

En er víst að dæmin sem Kristján tekur beri að túlka sem öfuga stöfun eða mistök (ofvöndun) í stafsetningu? Eins og Ari Páll Kristinsson hefur rakið í smáatriðum (1987, 1992) benda líkur til þess að hljóðbreytingin *u*-innskot (stoðhljóðsinnskot), sem kemur við sögu í þessum dæmum, hafi tekið langan tíma, þ.e. að langur tími hafi liðið, jafnvel tvær og hálf öld, frá því að fyrst fór að bera á því að sagt væri (og þess vegna skrifað) *dagur*, *verður* fyrir eldra *dagr*, *verðr* þar til slíkur framburður var orðinn almennur og samsvarandi stafsetning líka. Það merkir að um langt skeið hafa sumir sagt *dagr*, *verðr*<sup>3</sup> en aðrir *dagur*, *verður* (hér dugir venjuleg stafsetning til að skýra hvaða framburð er átt við).<sup>4</sup> Við slíkar aðstæður má vel hugsa sér að einhverjir málnotendur hafi ekki bara farið að skrifa *önnr* og *móðr* fyrir *önnur* og *móður* heldur líka farið að bera orðin þannig fram. Það mætti þá túlka sem áhrifsbreytingu í framburði sem hægt væri að lýsa með „hlutfallsjöfnu“ eða þríliðu eins og oft er gert þegar áhrifsbreytingum er lýst (hér er samræmd nútímastafsetning látin duga til að sýna tilbrigði í framburði og horft framhjá ýmsum smáatriðum í fornri stafsetningu):

| (1)            | algengur framburður     |                  |                 |
|----------------|-------------------------|------------------|-----------------|
|                | meðan <i>u</i> -innskot | annar framburður |                 |
| upphafleg mynd | var í sókn              | á sama tíma      |                 |
| <i>dagr</i>    | <i>dagur</i>            | <i>dagr</i>      |                 |
| <i>verðr</i>   | <i>verður</i>           | <i>verðr</i>     |                 |
| <i>móður</i>   | <i>móður</i>            | X;               | X = <i>móðr</i> |
| <i>önnur</i>   | <i>önnur</i>            | X;               | X = <i>önnr</i> |

<sup>3</sup> Hér má minna á að stafsetningin *dagr*, *verðr* gefur væntanlega ekki alveg rétta mynd fyrir nútímafólk af fornum framburði þessara orða vegna þess að *-r* hefur trúlega verið atkvæðisbært í þessu samhengi áður en *u*-innskotið kom til sögunnar, eins og Ari Páll rekur í áður nefndum skrifum. Það skiptir þó ekki máli hér.

<sup>4</sup> Það er einnig líklegt að sami maðurinn hafi stundum sagt *dagr* og stundum *dagur*, stundum *verðr* og stundum *verður* á þessum tíma. Síðari tíma rannsóknir á máli, m.a. framburði, hafa nefnilega sýnt að svonefndur **innri breytileiki** (e. *intra-speaker variation*) í máli er mun algengari en oft er talið (sjá t.d. umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 2005:365 o.áfr.).

Það sem átt er við er þetta: Á tímabili (kannski mjög löngu) skiptust *-ur* og *-r* á í framburði orða þar sem *-r* var upprunalegt. Þetta er tímabilið meðan *u*-innskotið var að sækja í sig veðrið. Á þessu tímabili er ekkert ólíklegt að einhverjir málnotendur hafi fengið það á tilfinninguna að *-ur* og *-r* gætu líka skipst á þegar *-ur* var upprunalegt og þess vegna sagt *móðr* fyrir eldra *móður* og *önnr* fyrir eldra *önnur* — eða jafnvel notað þessar framburðarmyndir á víxl (innri breytileiki). Og þá væri þess að vænta að framburðurinn *móðr* og *önnr* skilaði sér í stafsetningunni.

Tilgátan sem hér er sett fram er því þessi:

(2) Meint dæmi um öfuga stöfun má túlka á tvennan hátt:

- a. **Raunveruleg öfug stöfun**, þ.e. mistök eða ofvöndun í stafsetningu sem stafa af því að hljóðbreyting hefur orðið eða er að breiðast út (hefðbundna túlkunin sem Kristján Árnason lýsir í tilvitnuninni hér framar).
- b. **Áhrifsbreyting í framburði** sem á rót sína að rekja til þess að meðan málbreyting er að breiðast út veldur hún tilbrigðum eða breytileika í máli.

Fyrri kostinn mætti kalla **stafsetningartilgátuna** og þann síðari **framburðartilgátuna** til þæginda. Í báðum tilvikum eru viðkomandi dæmi vitnisburður um málbreytingu. Það fer svo eftir ýmsu hvor túlkunin er líklegri í hverju tilviki. Áður en við skoðum það nánar er vert að líta á ummæli erlendra fræðimanna um þetta fyrirbæri.

### 3. Öfug stöfun og önnur mál

Það sem hér er kallað öfug stöfun gengur undir ýmsum nöfnum í erlendum málum, t.d. *inverse spelling* á ensku (líka *inverted spelling*, *inverse graphy*, *reverse spelling*). Hér eru tvær skilgreiningar úr handbókum á ensku:<sup>5</sup>

**inverse spelling** Also *backspelling*. Transfer of a spelling whose phonetic value has changed into environments where it is representationally 'correct' but historically unjustified, e.g. *Bavaria* spelled *Bavarior* after loss of final /r/. Conceptually similar to **hypercorrection**, if with different motives. (Lass 1999:661)

**inverse spelling** (or **inverse graphy**) An unetymological spelling which arises as follows: two distinct phonemes A and B, which traditionally have

<sup>5</sup> Hér á eftir er lengd hljóða táknud með IPA-tákninu : en ekki með : (venjulegum tvípunkti) þótt svo sé stundum gert, m.a. í sumum þeirra heimilda sem vitnað er til.

distinct spellings, undergo merger as B, and as a result the traditional spelling of A comes to be used in cases in which B is etymological. For example, early Latin /ei/ (spelled <ei>) merged with /i:/ (spelled <i>), and as a result the spelling <ei> came to be used for some words which had always had /i:/. See **back spelling**. (Trask 2000:172)

Í báðum þessum tilvikum er látið að því liggja að öfug stöfun sé „röng“, a.m.k. frá sögulegu sjónarmiði. Af fyrri skilgreiningunni má þó ráða að stafsetningin gefi (eða geti a.m.k. gefið) vísbendingu um framburðinn (hún er kölluð „representationally correct“) en þetta er ekki eins ljóst af þeirri síðari. Þar virðist frekar gert ráð fyrir því að (öfugi) rithátturinn <ei> í orðum sem alltaf höfðu haft /i:/ merki breytta stafsetningu fremur en að framburður þessara tilteknu orða hafi breyst. Það er í samræmi við hefðbundna túlkun á meintri öfugri stöfun í íslenskum heimildum eins og áður var lýst.

Svipaða túlkun er líka að finna í eftirfarandi lýsingu á „nýrri“ stafsetningu í gömlum dönskum heimildum. Sögnin ‘freista, tæla’ er skrifuð <fræstæ> í heimild frá því um 1300 en síðan <friste> í heimild frá 1529. Þá er spurningin sú hvort <i> í yngri heimildinni tákni annað (og lokaðra) sérhljóð en <æ> í þeirri eldri, þ.e. einhvers konar [i] frekar en [e] og þá lokaðra en í dönsku nútímamáli, eða hvort <i> sé bara dæmi um öfuga stöfun 1529 fyrir áhrif frá sérhljóðum í öðrum orðum. Karker (2005: 1098) lýsir þessu svo:

It is doubtful whether 1529 *friste* ‘tempt’, which is still standard spelling, has ever been pronounced with /i:/; on the contrary, ca. 1300 *fræstæ*, which seems to come close to Mod.Dan. pronunciation, shows opening of the original vowel /e:/ (cf. Sw. *fresta*), so *friste* may be an inverted spelling on the model of *fisk* etc. pronounced with /e/.

Hér segir sem sé að rithátturinn *friste* í heimildinni frá 1529 (fyrir eldra *fræstæ*) þurfi ekki að fela í sér að í orðinu hafi verið borið fram einhvers konar /i/ (eins og stafurinn <i> táknar væntanlega yfirleitt í ritum frá þessum tíma) heldur geti þetta <i> alveg eins hafa verið öfug stöfun fyrir /e/.

Snúum okkur þá að fleiri dæmum úr íslensku.

#### 4. Fleiri dæmi úr íslensku

##### 4.1 Frægustu dæmin

Dæmi um stafsetninguna <rn> þar sem vænta mætti /dn/ eru oft gefin í umfjöllun um íslenska hljóðsögu (sjá t.d. Alexander Jóhannesson 1923–1924:137, Björn K. Þórólfsson 1925:XXXII, Hægstad 1942:112, Chapman 1962:86, Kristján Árnason 2005:354). Þau eru þá yfirleitt túlkuð sem öfug stöfun og líklega frægustu dæmin af því tagi í íslenskri málsögu. Um þau segir Hreinn Benediktsson til dæmis svo (1963:158):

Elztu dæmin, sem sýna, að *rn* og *nn* eru fallin saman í ísl. og borin fram *dn* (á eftir löngu sérhlj.), eru í bréfi frá 1332 (ritað *suæirn*, *Orný* f. *Sveinn*, *Oddný*).<sup>6</sup>

Hér er ekki að sjá að Hreinn geri ráð fyrir þeim möguleika að rithátturinn <suæirn> og <Orný> bendi til þess að í þessum orðum hafi framburður með /r/ komið fyrir. Túlkun Hreins má því lýsa á þessa leið:

- (3) a. Skrifari bréfsins frá 1332 heyrir nöfn eins og *Björn*, *Árni*, *Sveinn* og *Oddný* öll borin fram með *dn*-framburði (hvort sem það hefur nú verið [dn] eða [tn] á þessum tíma).
- b. Skrifarinn veit að nöfn eins og *Björn* og *Árni* eru skrifuð með <rn> þrátt fyrir það að í þeim sé ekkert /r/ í algengum framburði (e.t.v. þá ekki heldur í framburði hans sjálfs).
- c. Vegna þessa skrifar hann bæði *Sveinn* og *Oddný* með <r>, þ.e. sem <suæirn> og <Orný>, þótt í þeim sé ekkert /r/ og hafi aldrei verið.

Segja má að í þessari túlkun sé lögð meiri áhersla á skrifarann sem skrifara og lesara en sem málnotanda sem þarf að túlka það sem hann heyrir í kringum sig og hefur tileinkað sér málið á þann hátt.

Stefán Karlsson virðist svipaðrar skoðunar og Hreinn um þetta þegar hann segir m.a. svo (2000:31):

Hljóðasambandið *rl* tók að falla saman við *ll* á 14. öld, og sama máli gegndi um *rn* og *nn* þegar langt sérhljóð (eða tvíhljóð) fór á undan langa *n*-inu. Samfallshljóðasamböndin hafa væntanlega verið *dl* og *dn* [...] Nú er *rl* og *rn* oft borið fram *rdl* og *rdn*, einkum í fátíðari orðum, en óvíst er hvort þar er um að ræða leifar af eldri framburði ellegar áhrif frá stafsetningu.

<sup>6</sup> Ritrýni rámar í að hafa séð þá túlkun að rithátturinn <Orný> geti verið misritun fyrir nafnið *Árný* en hefur þó ekki fundið þá túlkun á prenti. Höfundur ekki heldur.

Hér gefur Stefán m.a.s. í skyn að það /r/ sem núna má heyra í *rðl*- og *rðn*-framburði í nöfnum eins og *Karl* og *Árni* til dæmis kunni að vera einhvers konar stafsetningarframburður. Slíka skýringu telur Kristján Árnason þó heldur langsóttá, enda hefði stafsetningarframburður á slíkum orðum frekar átt að gefa *rn*-/rl-framburð (þ.e. framburð án /d/, sjá Kristján Árnason 2005:355). Kristján virðist þó í aðalatriðum á svipaðri skoðun og þeir Stefán og Hreinn að því er varðar dæmin um þau Oddnýju og Svein í bréfinu frá 1332 þótt hann útiloki ekki alveg að eitthvert /r/ hafi komið þar við sögu (2005:354):

Rithátturinn *Orný* fyrir *Oddný* bendir vissulega til þess að *rn* hafi táknað einhvers konar *d*-framburð, helst *r*-lausan. Rithátturinn *suærn* [svo] bendir aftur til þess að upphaflegt *nm* hafi getað haft sams konar framburð, þ.e. að mannsnafnið *Sveinn* hafi haft framburðinn [sveitn].

Hér virðist Kristján gefa því lauslega undir fótinn að <rn> í <Orný> kunni að hafa táknað *rðn*-framburð þótt hann telji líklegra að um sé að ræða öfuga stöfun fyrir *dn*-framburð án /r/, líkt og Hreinn gerir ráð fyrir (sjá líka bls. 356 í áðurnefndri bók Kristjáns), og í hljóðrituninni fyrir mannsnafnið *Sveinn* þegar það er ritað <suærin> gerir hann ekki ráð fyrir neinu /r/.

En er það endilega svo ólíklegt að nöfn eins og *Oddný* og *Sveinn* hafi á einhverju stigi verið borin fram með *rðn*-framburði, þ.e. að þetta <r> í dæmum eins og <Orný> og <suærin> hafi í raun táknað /r/? Skoðum það aðeins nánar með hliðsjón af þeim tveim kostum sem lýst var í (2) hér framar, þ.e. stafsetningartilgátunni og framburðartilgátunni.

Allir þeir fræðimenn sem hér hefur verið vitnað til líta svo á að ritháttur eins og <suærin> og <Orný> bendi til þess að *dn*-framburður á /nn/ (á eftir löngu sérhljóði) hafi verið kominn til sögunnar á þeim tíma sem dæmin eru frá (þ.e. 1332) og sömuleiðis einhvers konar *dn*-framburður á /rn/. Spurningin snýst bara um það hvort og þá hvar /r/ hafi komið við sögu. Ef til vill má nýta sér eitthvað af því sem við vitum um samtímaleg tilbrigði og eðli máltöku til að varpa frekara ljósi á þetta.

Þegar málbreyting hefst verða alltaf til einhver tilbrigði í málsamfélaginu og þau geta reyndar lifað öldum saman. Eins og Kristján Árnason rekur í bók sinni um íslenska hljóðkerfið (2005:353–356) er ekki alveg einfalt mál að átta sig á því hvernig, hvenær og í hvaða röð þær breytingar hafa gerst sem leiddu til þess að nöfn eins og *Björn* og *Árni* hafa til skamms tíma getað haft þrenns konar framburð: svokallaðan *rn*-framburð (lengst varðveittur á Suðausturlandi), *rðn*-framburð og *dn*-framburð.

Einn möguleikinn er sá að fyrst hafi /d/ verið skotið inn í hinn upphaflega *rn*-klasa en síðan sé valfrjálst hvort /r/ er fellt brott. Þróunin væri þá /rn/ > /rdn/ > /dn/ (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:355). Þetta þýðir þá að einhverjir íslenskir málnotendur á 14. öld, m.a. börn á máltökuskeiði, gætu hafa heyrt nöfn eins og *Árni* borin fram á þrjá vegu:<sup>7</sup>

- |             |                       |                        |                       |
|-------------|-----------------------|------------------------|-----------------------|
| (4)         | <i>rn</i> -framburður | <i>rdn</i> -framburður | <i>dn</i> -framburður |
| <i>Árni</i> | [au:rnɪ]              | [au:rdnɪ]              | [au:dnɪ]              |

Ef *dn*-framburðurinn er síðasta skrefið í þróuninni, og kannski upphaflega bundinn við algeng orð og í upphafi við frekar hratt eða óformlegt tal, gæti spurningin um þau *Svein* og *Oddnýju* hafa litið svona út fyrir málnotendum á 14. öld, ef dæmið er sett upp líkt og oft er gert þegar áhrifsbreytingum er lýst (sjá líka (1) hér framar):

- |               |                     |                  |                |
|---------------|---------------------|------------------|----------------|
| (5)           | algengur framburður | annar framburður |                |
| <i>Árni</i>   | [au:dnɪ]            | [au:rdnɪ]        |                |
| <i>Björn</i>  | [bjœdn]             | [bjœrdn]         |                |
| <i>Sveinn</i> | [svei:dn]           | X;               | X = [svei:rdn] |
| <i>Oddný</i>  | [œdni:]             | X;               | X = [œrdni:]   |

Málnotandi, t.d. barn á máltökuskeiði, sem heyrir að nöfn eins og *Árni* og *Björn* eru ýmist borin fram með *dn* eða *rdn* getur því sem best dregið eftirfarandi ályktun (ómeðvitað): Úr því að nöfn eins og *Sveinn* og *Oddný* hafa *dn*-framburð, eins og *Árni* og *Björn* geta haft, ættu slík nöfn líka að geta haft *rdn*-framburð, eins og *Árni* og *Björn* geta haft.<sup>8</sup> Þá verður líka

<sup>7</sup> Nákvæmt hljóðgildi sérhljóða og samhljóða skiptir ekki máli hér. Hér er t.d. hljóðritað eins og hið upprunalega langa /a:/ hafi verið orðið tvíhljóð á þessum tíma, enda er vanalega gert ráð fyrir því að gömlu löngu einhljóðin hafi orðið tvíhljóð á 14. öld (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:332–34). Þau hafa væntanlega enn verið löng, eins og hér er sýnt, þar sem hljóðdvalarbreytingin svonefnda er almennt ekki talin hefjast fyrr en á 15. öld. Loks má nefna að ekki skiptir máli hvort rödduð lokhljóð voru til á þessum tíma eða ekki en hér er til einföldunar notað hljóðritunartáknið [d] fremur en [t] þegar *dn*-framburður er sýndur — og þá líka *rdn*-framburður.

<sup>8</sup> Ritrýnir segist ekki kannast við aðrar heimildir en þessa um /rdn/-framburð í nöfnunum *Sveinn* og *Oddný* né um /rdn/-framburð á öðrum sambærilegum orðum og bendir á að slíkur framburður hafi ekki lifað til nútíma. Í framhaldinu spyr hann hvort það væri ekki sérkennileg tilviljun ef /rdn/-framburður hefði einungis horfið úr orðum sem höfðu eldra /nn/ en ekki úr orðum sem höfðu eldra /rn/. Hér er því til að svara að ekki er verið að halda því fram að /rdn/-framburður hafi verið algengur í orðum á borð við *Sveinn* og *Oddný*. Sjálfsagt hefur hann ekki verið það, enda ýmislegt sem vinnur á móti honum (t.d. beygingin *Sveinn* — *Svein*, hugsanlegt gagnsæi nafnsins *Oddný*). Málið snýst aðeins um

alveg eðlilegt að skrifa þessi nöfn með <rn> til samræmis við önnur orð þar sem *rdn*-framburður kemur fyrir og skrifa þá til dæmis <suæirn> og <Orný> eins og gert er í bréfinu frá 1332. Þegar betur er að gáð er m.ö.o. alveg hugsanlegt að rithátturinn <rn> í nöfnunum *Sveinn* og *Oddný* endurspegli í raun og veru framburð með /r/ (þ.e. *rdn*-framburð) sem hefur (tímabundið) orðið til fyrir áhrif frá framburðarpörum með *dn*-/rdn-framburði.

#### 4.2 Hundrat, höfut og hernat

Eins og alkunna er breyttist /t/ í /ð/ í áherslulausri bakstöðu, sbr. *farit* > *farið*, *at* > *að*, *þat* > *það* o.s.frv. Þessi breyting kemur auðvitað fram í stafsetningu þannig að *farið* er að skrifa <d> (eða <ð>) þar sem áður var skrifað <t> í orðum af þessu tagi. Þessi breyting virðist hafin á 13. öld (sjá t.d. Harald Bernharðsson 2002:176–177). En á 14. og 15. öld er líka stundum skrifað <t> þar sem /t/ er ekki upprunalegt, svo sem <hundrat> fyrir *hundrað*, <hofut> fyrir *höfuð* (Haraldur Bernharðsson í samtali) og Bjarni Gunnar Ásgeirsson (2013:34) nefnir líka dæmið <hernat> fyrir *hernað* (strax á 13. öld?). Samkvæmt því sem lýst var í (2) eru tvær leiðir til að túlka þessi dæmi:

- (6)a. Rithátturinn með <t> er **raunveruleg öfug stöfun** sem stafar af því að skrifarinn veit að orð sem borin eru fram með /ð/ eru stundum skrifuð með <t> (til dæmis *farit*, *at*, *þat*). (Þetta er hin hefðbundna túlkun og t.d. sú sem Bjarni Gunnar Ásgeirsson gerir ráð fyrir á tilvitnuðum stað.)
- b. Rithátturinn með <t> er til marks um **áhrifsbreytingu í framburði**: Vegna þess að breytingin /t/ > /ð/ í áherslulausri stöðu er ekki „um garð gengin“ þótt hún sé hafin hefur skrifarinn heyrt orðmyndir eins og *farit*, *at*, *þat* o.s.frv. ýmist bornar fram með /t/ eða /ð/. Fyrir áhrif frá þessum framburðartvímyndum á hann það til að bera orðmyndir eins og *hundrað*, *höfuð* og *hernað* fram með

---

skýringu á tilteknum dæmum í handritum sem oft er vísað til í fræðilegum skrifum, þ.e. á stafsetningunni <rn> í <suæirn> fyrir *Sveinn* og <Orný> fyrir *Oddný*. Það er sjálfsagt rétt að erfitt sé að finna sambærileg dæmi en það þarf samt að skýra eða túlka þau dæmi sem til eru. Venjulega skýringin er að þau séu til marks um „ranga“ stafsetningu. Hér er stungið upp á því að þau geti eins verið til marks um „rangan“ framburð, nokkurs konar áhrifsbreytingu í framburði (sbr. uppsetninguna í (5)). Hvor túlkunin sem valin er þarf að skýra af hverju slík dæmi eru ekki algengari en raun ber vitni.

loklhljóðinu /t/ þótt þar sé önglhljóðið /ð/ upprunalegt. Þessa framburðar gætir í stafsetningu hans. (Sjá lýsingarnar í (1) og (5) til samanburðar.)

Sjálfsgagt finnst lesendum þessar tilgátur mislíklegar í þessu tilviki og öðrum hliðstæðum. En vegna þess að áhrifsbreytingartilgátan er yfirleitt ekki nefnd til sögunnar í tengslum við dæmi af þessu tagi má skoða eina tegund enn í þessu ljósi.

#### 4.3 *Bavariar* og *Bolungarvík*

Í umræðum um enskan framburð og ensk hljóðkerfi er oft talað um *non-rhotic* eða 'r-skertar' mállyskur. Með nokkurri einföldun má segja að í þeim mállyskum komi /r/ ekki fyrir á eftir sérhljóði nema annað sérhljóð fylgi. Það þýðir m.a. að í orðum eins og *card* er ekkert /r/ í þessum mállyskum og í orðum eins og *car* heyrir ekkert /r/ nema orð sem hefst á sérhljóði fari á eftir. Þessu má þá t.d. lýsa eitthvað á þessa leið:

- (7) a. *card* [k<sup>h</sup>a:d], (the) *card* is [k<sup>h</sup>a:d ɪz]  
 b. *car* [k<sup>h</sup>a:], (the) *car* is [k<sup>h</sup>a:ɪ ɪz]

Hér kemur /r/ bara fyrir í orðinu *car* þegar *is* fer á eftir af því að það orð hefst á sérhljóði. Annars kemur það ekki fram. Hinn viðurkenndi breski framburður *RP* (e. *received pronunciation*) er r-skertur að þessu leyti og víða á austurströnd Bandaríkjanna má líka finna r-skertar mállyskur, m.a. í Boston (sjá t.d. Wells 1982). Þessi framburður þykir því ekki (lengur) neitt ófinn í Bretlandi en í Bandaríkjunum er stundum gert grín að Bostonbúum og sagt að þeir segi eitthvað í átt við *Pahk yoh car in Hahvahd yahd* fyrir *Park your car in Harvard Yard*.

Það /r/ sem skýtur upp kollinum á orðaskilum í r-skertum mállyskum, eins og í dæminu með *car is*, er gjarna kallað **tengi-r** á ensku (e. *linking r*). Þetta er auðvitað enginn stafsetningarframburður af því að hann er bundinn við tiltekið hljóðumhverfi og auk þess notaður af börnum og öðrum sem kunna hvorki að skrifa né lesa. En fólk sem hefur þennan framburð skýtur oft inn /r/ á milli sérhljóða á orðaskilum þótt það eigi sér ekki sögulega stoð. Slíkt /r/ er þá gjarna kallað **innskots-r** (e. *intrusive r*). Það gæti t.d. átt við dæmið um *Bavariar* eða *Bavariors* sem kom fram í tilvitnun í Lass hér framar.<sup>9</sup> Þar er „óvænt“ -r í enda orðsins („historically

<sup>9</sup> Lass (1999:661) skrifar *Bavariors* en skv. Google er *Bavariar* ekki síður algengur ritáttur og því verður hann notaður hér í framhaldinu.

unjustified“ kallar Lass það). Þessu má lýsa með venjulegri stafsetningu líkt og gert er í (8):

- (8)a. Bavariar is in Germany.  
b. The idear is this.

Þótt hér sé notuð venjuleg stafsetning til að lýsa þessum framburði er alls ekki verið að segja að hér sé um einhvers konar stafsetningarframburð að ræða, enda er þessi ritháttur ekki í samræmi við hefðbundna stafsetningu. Og þetta er ekki heldur eitthvert stafsetningaratriði sem á sér ekki stoð í framburði heldur er þessi ritháttur til kominn hjá þeim sem bera einmitt fram /r/ í enda orða af þessu tagi þegar sérhljóð fer á eftir. Samt tekur Lass (1999:661) *Bavariar* sem dæmi um öfuga stöfun eða öfugan rithátt (e. *inverse spelling*). Með því virðist hann því eiga við stafsetningu sem getur vel endurspeglad framburð þótt hún eigi ekki sögulega rétt á sér (sé „historically unjustified“ eins og hann kallar það). Framburður af þessu tagi líkist því *ofvöndun* (e. *hypercorrection*), segir hann, þótt rötin sé önnur („different motives“).

Næsta skref í þessari þróun er svo það þegar þetta innskots-*r* öðlast sjálfstætt líf, ef svo má segja, og fer að koma fram í öðru samhengi, þ.e. án þess að sérhljóð fari á eftir, t.d. í enda segðar eða á undan samhljóði. Þá gætum við fengið dæmi eins og þessi:

- (9)a. I have no idear.  
b. „Got a lot of sinful idears — but they seem kinda sensible.“  
(Steinbeck 1955:16)

Hér er fyrra dæmið algengt og auðfinnanlegt á Google. Það síðara er úr *The Grapes of Wrath* (*Þrúgum reiðinnar*) eftir Steinbeck, en þar er stafsetning oft notuð til að tákna sérkenni í framburði.

Við höfum nú séð að tilbrigði sem varða /r/ í enskum framburði geta skilað sér inn í óhefðbundna stafsetningu og slíkur ritháttur er stundum kallaður „öfugur“ þótt hann endurspegli oft eða kannski oftast framburð (eða breytingu á framburði). En við getum líka tekið íslenskt dæmi og velt því fyrir okkur í þessu ljósi. Baldur Jónsson fjallaði á sínum tíma (1969) býsna ítarlega um rithættina *Bolungavík* og *Bolungarvík*. Markmið hans var einkum að komast að því hvor þeirra ætti meiri rétt á sér og þá var hann fyrst og fremst að grafast fyrir um það hvor mundi eldri eða upprunalegri. Í röksemdafærslunni nefnir hann m.a. þessi atriði:

- (10)a. Líkleg skýring á nafninu er sú að fyrri hluti þess sé orðið *bolungur*. Það merkir (eða merkti) oftast ‘viðarköstur’ en mun líka hafa

þekkt í merkingunni ‘stór trjábolur, rekaviðardrumbur’. Miðað við það væri *Bolungavík* eðlileg ritmynd (þar sem fyrri hlutinn samsvaraði þá eignarfalli fleirtölu).

- b. Í elstu tiltækum heimildum stendur yfirleitt *Bolungarvík* en í þeim yngri frekar *Bolungavík*. Síðari myndin gæti vel verið komin til við *r*-brottfall ef sú fyrri væri eldri eða upprunalegri. Aftur á móti væri ólíklegt að upprunalegt *Bolunga-* hefði breyst í *Bolungar-* við hljóðbreytingu (*r*-innskot, sbr. elstu heimildir) og síðan kannski aftur í *Bolunga-* við hljóðbreytingu sem gengi í öfuga átt (þ.e. *r*-brottfall, sbr. yngri heimildir).
- c. Þrátt fyrir að rithátturinn *Bolungarvík* sé torskýrður en *Bolunga-* geti vel staðist frá merkingarlegu (og beygingarlegu) sjónarmiði er samt rétt að halda sig við *r*-myndina vegna þess að þannig er nafnið ritað í elstu heimildum og „[þ]að er óleyfilegt að dæma fornar orðmyndir afbakanir á þeim forsendum einum, að þær séu óskiljanlegar nútímafólki“ (Baldur Jónsson 1969:12).

Undir lok greinarinnar renna þó tvær grímur á Baldur vegna þess að í ljós kemur að í fornbréfum er til dæmis nær alltaf ritað *Hælarvík* (í átta skipti af níu) fyrir þann stað sem nú er almennt nefndur *Hælavík* og þar virðist ljóst að fyrri hlutinn er *hæll* og því erfitt að sjá að þetta *-r-* geti verið upprunalegt.<sup>10</sup> Baldur fer þess vegna að velta því fyrir sér hvort þarna geti ekki legið gömul tilbrigði að baki og það er forvitnilegt að skoða hvernig hann reifar þá hugmynd (1969:12):

Gerum ráð fyrir því, að tilbrigðin *-ar/-a* hafi upphaflega verið til bæði í ræðu og riti í ýmsum orðum. Þá gæti svo farið, að þessi tilbrigði hyrfu í framburði við það, að *r* félli brott, en héldu áfram að vera til í ritmáli, þannig að skrifað væri *-ar/-a*, þar sem einungis *-a* væri borið fram. Af þessu gæti hlotizt svo nefndur „öfugur ritháttur“, e.k. fölsk ávísun, fólgin í því að skrifa *-ar* ekki einungis fyrir það *-a*, sem var orðið til úr *-ar*, heldur einnig fyrir *-a*, sem var ekki orðið til úr *-ar*. Ef þetta hefir gerzt í orðinu *Bolungarvík*, hefir ekki verið skrifað *r* í því nafni, af því að það hafi verið borið fram, heldur hafa menn farið að bera fram *r*, af því að það var skrifað. *-ar* í *Bolungarvík* (og *Hælarvík*) væri þá fölsk ávísun, þ.e. ekki ávísun á framburðinn *-ar* (þar sem

<sup>10</sup> Uppruninn er þó ekki alveg óumdeildur. Þannig mun stundum vera skrifað *Heljarvík* í gömlum heimildum. Einnig hefur því verið haldið fram (Páll Bjarnarson 1921–1923: 281–282) að *Hælar-* í orðmyndinni *Hælarvík* sé eignarfall af kvenkynsordinu *hæl* sem væri þá tvímynd við *hæli* (hk.) líkt og *del* (kvk.) er tvímynd við *dæli* (hk., kemur helst fyrir sem örnefni). Baldur nefnir ekki þá skýringu og hér er líka horft framhjá henni.

hann hefði aldrei verið til), heldur einungis á -a. Þar með væri fallin forsendan fyrir því að skrifa **Bolungarvík** með r-i í nútímastafsetningu.

Þegar Baldur talar um að tilbrigðin -ar/-a hafi „upphaflega verið til bæði í ræðu og riti í ýmsum orðum“ virðist hann eiga við dæmi eins og *Reykja-* og *Reykjar-*, þ.e. orð þar sem það er „á reiki, hvort forliður endar á -ar eða -a, og getur hvort tveggja verið eðlilegar beygingarmyndir“ (s.st.). Og þegar hann segir að framburður með -ar hafi „aldrei verið til“ í nöfnum eins og *Bolungarvík* og *Hælarvík* hlýtur hann að eiga við tímann áður en menn fóru að „bera fram r af því að það var skrifað“, eins og hann segir þar rétt á undan.

En skoðum þær frænkur *Bolunga(r)vík* og *Hæla(r)vík* aðeins nánar í ljósi þess sem áður var sagt um /r/ í r-skertum mállýskum í ensku. Eins og þar kom fram hefur innskots-r laumað sér inn í orð eins og *Bavariar* og *idear*, jafnvel þegar ekkert sérhljóð fer á eftir, vegna þeirra líkinda sem þessi orð hafa í máli margra við orð þar sem /r/ er upprunalegt, t.d. *car*. Þetta er ekki stafsetningarframburður eða ofvöndun, eins og þegar hefur komið fram, heldur eðlilegt mál margra. Þess vegna þarf það ekki heldur að vera stafsetningarframburður að menn beri fram -ar- í orðum eins og *Bolungarvík* og *Hælarvík* jafnvel þótt -a- sé (eða væri) hið upprunalega. Þetta geta alveg eins verið framburðartilbrigði, e.t.v. til komin fyrir áhrif frá samsettum orðum þar sem fyrri hlutinn getur ýmist endað á -a- eða -ar- frá málfræðilegu (beygingarlegu) sjónarmiði eins og Baldur bendir á. Slík áhrif mætti þá sýna á þessa leið með þriliðuaðferðinni með hliðsjón af dæmum Baldurs um *Reykja-* og *Reykjar-* (hér er hljóðritun í samræmi við nútímamál):

| (11)               | algengur<br>framburður  | annar<br>framburður      |                   |
|--------------------|-------------------------|--------------------------|-------------------|
| <i>Reykja(r)-</i>  | [rei:c <sup>h</sup> a-] | [rei:c <sup>h</sup> ar-] |                   |
| <i>Bolunga(r)-</i> | [pɔ:lun̥ka-]            | X;                       | X = [pɔ:lun̥kar-] |
| <i>Hæla(r)-</i>    | [hai:la-]               | X;                       | X = [hai:lar-]    |

Ef þetta er rétt, er ekkert ólíklegt í sjálfu sér að það geti verið mismunandi frá einum tíma til annars hvort algengara er að hafa <r> með í orðum af þessu tagi eða ekki. Það fer bara eftir því hvor framburðurinn er algengari í umhverfi þeirra eða máli sem skrifa.<sup>11</sup>

<sup>11</sup> Hitt er svo annað mál að í raun snýst þessi spurning ekki bara um stafsetningu. Vel má halda því fram að beri menn viðkomandi nafn fram með -r- þá eigi þeir að láta það koma fram í stafsetningunni en séu þeir vanir að bera nafnið fram án -r- þá sé rétt að skrifa

## 5. Lokaorð

Meginniðurstaða þessarar greinar er sú að við ættum að gefa því meiri gaum en oft er gert að svokölluð öfug stöfun þarf ekki endilega að vera „öfug“ heldur getur hún líka verið visbending um framburð eða tilbrigði í framburði. Það virðist líka vera skoðun Anttila í eftirfarandi tilvitnun (1972:36), sem má alveg nota sem lokaorð hér:

[...] cases where orthography is modified against etymological justification are called *inverse spellings*. But writing not only provides visible proof of language changes, it also indicates *linguistic variety*. In modern societies, generally, a standard language is endorsed by strong central governments, and dialectal variation is suppressed, at least in writing. Formerly, there was much more flexibility; regional dialects were mostly accepted on a par, and different writers could use slightly different spellings (often influenced by their native dialects) within the same dialectal standard. These are matters that greatly complicate the study of the relation between sound and writing. Thus philologists must be able to handle writing in connection both with linguistic change and with linguistic variation [...]

Hér minnir Anttila á það að stafsetning er ekki eingöngu vitnisburður um málbreytingar heldur getur hún einnig verið visbending um tilbrigði í máli. Nú á tímum er stafsetning yfirleitt samræmd og oft er eitt afbrigði í framburði tekið fram yfir annað. Þessu var ekki þannig farið fyrr á tímum. Þess vegna getur verið flóknara en ætla mátti að túlka ritaðar heimildir og þeir sem það gera þurfa bæði að hugsa um málbreytingar og tilbrigði.

## HEIMILDIR

- Alexander Jóhannesson. 1923–1924. *Íslensk tunga í fornöld*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Anttila, Raimo. 1972. *An Introduction to Historical and Comparative Linguistics*. The Macmillan Company, New York.
- Ari Páll Kristinsson. 1987. Stöðhljóðið *u* í íslensku. Káldátsritgerð, Háskóla Íslands.
- Ari Páll Kristinsson. 1992. *U*-innskot í íslensku. *Íslenskt mál* 14:15–33.

---

Það í samræmi við þann framburð. — Loks mátti lengja þessa grein með umfjöllun um tvímyndir á borð við *byggingarnefnd* og *bygginganefnd*, *mánaðamót* og *mánaðarmót* o.s.frv., eins og ritrýnir bendir á. Slíkar myndir valda stundum deilum og rökræðum um stafsetningu en eru þó áreiðanlega ekki síður til vitnis um tilbrigði í framburði. Hér verður þó ekki farið lengra út í þá sálma.

- Baldur Jónsson. 1969. Hvers vegna Bolungarvík? *Morgunblaðið* 26. nóvember, bls. 12–13.
- Bjarni Gunnar Ásgeirsson. 2013. Njáls saga í AM 162 B ε fol. Lýsing og útgáfa. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, <<http://hdl.handle.net/1946/16476>>.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn-málinu*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.
- Chapman, Kenneth G. 1962. *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships*. Norsk tidsskrift for sprogvidenskap suppl. bind VII. Universitetsforlaget, Oslo.
- Haraldur Bernharðsson. 2002. Skrifandi bændur og íslensk málsaga. Vangaveltur um málþróun og málheimildir. *Gripla* 13:175–197.
- Hreinn Benediktsson. 1963. Ritdómur um *Icelandic-Norwegian Linguistic Relationships* eftir Kenneth Chapman. *Lingua Islandica — Íslensk tunga* 4:152–162.
- Hægstad, Marius. 1942. *Vestnorske maalføre fyre 1350. II. Sudvestlandsk. 2. Indre sudvestlandsk. Færøymaal. Islandsk. Tredje bolken. II.2. Islandsk*. Jacob Dybwad, Oslo.
- Karker, Allan. 2005. Phonological Developments from Old Nordic to Early Modern Nordic II: Danish. Oskar Bandle, Kurt Braunmüller, Ernst Håkon Jahr, Allan Karker, Hans-Peter Naumann og Ulf Teleman (ritstj.): *The Nordic Languages. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages*, 2. bindi, bls. 1097–1101. Walter de Gruyter, Berlin.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Meðhöfundur Jörgen Pind. Íslensk tunga I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Lass, Roger (ritstj.). 1999. *The Cambridge History of the English Language*. III. Cambridge University Press, Cambridge.
- Páll Bjarnarson. 1921–1923. Um bæjanöfn. *Blanda* 2:269–282.
- Stefán Karlsson. 2000. Tungan. Guðvarður Már Gunnlaugsson (ritstj.): *Stafkrókar. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans*, bls. 19–75. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. [Upphaflega gefið út í bókinni *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*, bls. 1–54. Ritstjóri Frosti F. Jóhannesson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1989.]
- Steinbeck, John. 1955. *The Grapes of Wrath*. Bantam Books, New York.
- Trask, Robert Lawrence. 2000. *The Dictionary of Historical and Comparative Linguistics*. Fitzroy Dearborn Publishers, Chicago.
- Wells, John Christopher. 1982. *Accents of English*. 1–3. Cambridge University Press, Cambridge.

## SUMMARY

## ‘On inverse spelling and phonological variation’

**Keywords:** Icelandic, inverse spelling, phonological variation, language change, historical phonology

Examples of so-called inverse spelling are considered to be important indicators of phonological (or phonetic) change. This is best explained by giving illustrative examples. Old Icelandic words like *dagr* ‘day’ (Nom.sg.m.), where /r/ was an inflectional ending, are now standardly spelled *dagur*, which adequately represents the epenthetic /u/ in the inflectional ending in Modern Icelandic. The first signs of this *u*-epenthesis can be found already in

13th century manuscripts, but the evidence does not only consist of spellings like *dagur* where the epenthetic /u/ is represented in the orthography. Spellings like *móðr* for etymologically correct *móður* ‘mother’ (oblique cases in the sg.) are also considered to be important evidence for the epenthesis. Such examples are standardly explained as instances of inverse spelling, namely as follows: The scribe knows that the word for ‘day’ is often spelled *dagr* with no <u> although he pronounces this word with a /u/ — because he has the *u*-epenthesis in his language. So he assumes that the word *móður*, which he also pronounces with /u/, could be spelled *móðr*, although the /u/ in *móður* is original and etymologically correct and not epenthetic. In this sense the (alleged) inverse spelling of *móðr* is considered to be “incorrect” (or hypercorrect). In this paper it is argued, on the other hand, that such examples could in many instances just as well be interpreted as evidence for linguistic (phonological or phonetic) variation: When the *u*-epenthesis was a change in progress, there was extensive alternation in the speech community (and even within the speech of individuals, i.e. intra-speaker variation) between words with and without the epenthetic /u/, adequately represented as *dagur* and *dagr*, respectively. Speakers growing up in such an environment could very well “assume” (unconsciously) that parallel alternations like *móður* and *móðr* also existed. If so, spellings like *móðr* would not be “inverse” but adequate representation of existing pronunciation at the time. Several other examples of alleged inverse spellings are discussed, the main point being that it is not given a priori that they have to be interpreted in the traditional way as spelling “mistakes” (or instances of hypercorrection) but could just as well be considered evidence for linguistic variation. But they would, of course, continue to be evidence for the relevant linguistic change.

*Höskuldur Þráinsson*  
*Háskóla Íslands*  
*IS-101 Reykjavík, ÍSLAND*  
*hoski@hi.is*